

Eyrnaleppar



By

Jóhanna Bibbins

www.knittingmydayaway.com

All text and photographs copyright Knittingmydayaway©

Fitjað er upp efst á húfunni og hún svo prjónuð niður og endað er á reimunum. Leiðbeiningar eru gefnar fyrir einlita húfu án randa. Þessi uppskrift er einstaklega heppileg til að leika sér að, bæta við röndum eða öðru mynstri, upplögð til að nýta afgangsgarn!

Allar L eru pr sl þar til kemur að eyrnaleppunum, þeir eru prjónaðir fram og til baka í sléttprjón, ein umf sl og ein umf br.

Prjónfesta: 18 L og 28 umf í slétt prjón = 10 cm x 10cm.

Prjónar: sokkarprjónar og hringprjónn í 4.5mm.

Garn: u.þ.b. 100 gr./200 metrar af worsted garni.

Stærðir: barnastærð, upb 50cm og (fullorðins stærð), upb 56cm

br: brugðin/nar

L: lykkja/lykkjur

pr: prjóna/ð

sl: slétt/ar

umf: umferð/ir

útaukn: útaukning/ar

2Lprs: 2 lykkjur prjónaðar saman

2Lóprs: 2 lykkjur teknar óprjónaðar fram af, ein í einu og prjóninum stungið framan í lykkjuna (eins og eigi að prjóna slétt), þessar 2 lykkjur svo prjónaðar saman.

Fitjaðu upp 8L og færðu þær á 4 sokkaprjóna, hafðu 2 L á hverjum prjón. Tengdu í hring, passaðu að L snúist ekki, og prjónaðu:

1. umf: pr allar L sl.

2. umf: auka út (ath lýsingu fyrir ofan). Endurtaka nú 1. og 2. umf þar til 20 (22) L eru á hverjum prjón, 80 (88) L í allt.

Nú skaltu byrja að nota hringprjóninn:

Útaukning

Í þeim umf þar sem aukið er út, þá er það gert bæði í byrjun og á enda hvers prjóns:

Þegar aukið er út í byrjun prjóns, þá er L fyrir neðan fyrstu L (þetta er fyrsta L úr umf fyrir neðan) færð upp á vinstri prjóninn. Þessi L er svo prjónuð, og svo er haldið áfram að prjóna á venjulegann hátt út prjóninn.

Þegar aukið er út í enda prjóns, þá er seinasta L prjónuð á venjulegann hátt, svo er L fyrir neðan (þetta er seinasta L úr umf fyrir neðan) færð upp á vinstri prjóninn, og hún er svo prjónuð.

Svona er endurtekið á hverjum prjón í þeim umf þar sem á að auka út. Það bætast við 2 L á hverjum prjón, 8 L í allt, við útaukningu.

pr nú 25 (32) umf án útaukn, upb 15,5cm (18cm) frá uppfiti.

Næsta umf: fella af fyrstu 3 (4) L, pr 28 (30)L, felldu af 18 (20)L, pr 28 (30)L, felldu af seinustu 3 (4) L. Slíta nú garnið frá.

Eyrnaleppar (báðir gerðir eins), hefja skal fyrstu umf á utanverðri húfunni :

1. umf: pr1L, 2Lóprs, pr þar til 3 L eftir á prjóni, 2Lprs, 1L sl.

2. umf: pr allar L br, engin úrtaka.

Endurtaktu 1. og 2. umf þar til 2 L eru eftir, enda á br umferð.

Reimarnar: þær eru prjónaðar í beinu framhaldi, byrjað á sl umf:

pr 2L, ekki að snúa við, ýttu L aftur efst upp á vinstri prjóninn, taktu garnið aftur fyrir prjónið og pr þessar 2L aftur sl. Endurtaktu þetta nú þar til þú hefur prjónað reimarnar eins langar og þú vilt hafa þær. Felldu af 2L. Gangtu frá öllum endum, og húfan er tilbúin!